Fjármálavit

VINNUBLAÐ

Launaútreikningur Upplýsingar um Þorgerði og Þorlák

1 Þorgerður

Þorgerður er nýbyrjuð að vinna hjá ferðaþjónustufyrirtækinu *Fljúgum hærra ehf.* Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn hingað til. Nú þarf Njáll að reikna út laun Þorgerðar en hann er óvanur því og þarf aðstoð þína.

Notaðu auðan launaseðil og fylltu inn.

FORSENDUR

- Þorgerður er með **630.000 kr.** í mánaðarlaun og með **18 yfirvinnutíma** í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með **6.300 kr.** í yfirvinnukaup á tímann.

2 Þorlákur

Þorlákur er með aðeins lengri starfsreynslu en hjá fyrirtækinu *Blásum í lúðra ehf.* sem sérhæfir sig í veisluþjónustu. Launagreiðandinn er í fríi og því þarf aðstoð frá þér við að fylla út launaseðilinn.

Notaðu auðan launaseðil og fylltu inn.

FORSENDUR

- Þorlákur er með **645.000 kr.** í mánaðarlaun.
- Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum, eða **6.450 kr.** á tímann. Þorlákur er með **20 yfirvinnutíma**.

Skattþrepin eru þrjú

1. ÞREP **31,49%**	2. ÞREP **37,99%**	3. ÞREP **46,29%**
0 – 498.122 kr.	**498.123 – 1.398.450 kr.**	**Yfir 1.398.450 kr.**
Laun frá 0 – 498.122 kr. á mánuði, skattur 31,49%.	Laun á bilinu 498.123 – 1.398.450 kr. á mánuði, skattur 37,99%.	Laun yfir 1.398.450 kr. á mánuði, skattur 46,29%.

Persónuafsláttur Árið 2026 er persónuafslátturinn **72.492 kr. á mánuði**, eða **869.904 kr. yfir árið**.

Forsendur fyrir bæði

- Reiknað er **10,17%** í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er **4%** af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er **1%** af heildarlaununum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlaununum og síðan taka **31,49%** af upphæð launanna að kr. 498.122 kr. (þrep 1) og **37,99%** af upphæð launanna sem er umfram það (þrep 2).
- Persónuafslátturinn er **72.492 kr.** og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlaununum og útkoman er útborguð laun.

Verkefnið Reiknaðu út hvað Þorgerður fær útborgað og notaðu auðan launaseðil til að fylla inn. Nýttu sömu upplýsingar sem gefnar eru hér fyrir ofan fyrir Þorlák.